



EINLEIKUR
Á REGNBOGA
STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR

EINLEIKUR Á REGNBOGA

Steinunn Ásmundsdóttir

E I N L E I K U R
Á R E G N B O G A



Almenna bókafélagið
Reykjavík

Almenna bókafélagið 1989
© Steinunn Ásmundsdóttir

Ljósmyndir: Inga Lísa Middleton
Málverk á forsíðu: Inga Þórey Jóhannsdóttir
Umbrot: Búi Kristjánsson
Prentun: Prentsmiðjan Viðey hf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun,
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða
í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Printed in Iceland

ÞRYMUR

Hugarfóstur
ég næri þig
og gef þér líf.
Þú skapar
veröld mína
í breiðunnar litróf,
leggur orð á tungu
og liti í myndir.

Við dveljum saman
í húsi líkama
og vegum salt
á öfgum heimsins.

ÖRFÁ ORÐ TIL EFTIRLIFENDA

Líkt og angist hjartans
sleppur úr rimlalausu sálarbúri
blindast um stund takmörkuð sýn
af fallþunga daga
– torskilinna barna jarðar.

Svo sárt að loka hurðum
fullnýttra herbergja
til þess eins að horfa dapur
í fölva minninga.

En litir seytla sem lækir
í uppsprettur þornaðra tára
og glufur koma í gættir nýrra dyra.

FÆÐING ÚR DAUÐA

Dagur er í ljósi
hvítrar vonar.
Bjarma slær á efstu stund
þá lotin sál sig réttir
upp til himinhvolfa.

(Tileinkað Guðlaugu Sigmundsdóttur
frá Gunnhildargerði.)

EINLEIKUR Á REGNBOGA

Í hafinu býr tónafljót
sem streymir fram
uns tryggri höfn það nær.

Brim þess sífellt meitlar brot
úr veruleikans ströndum.

Holskefla ranghverfra strauma
byltist grimm – svo grimm
að hver einstakur tónn lætur lífið
til að sameinast undiröldu
um aldir alda.



GRÁR DAGUR

Vindurinn blæs
í andlit,
gráleit híma þau
við veggi
gleymskunnar.
Húskumbaldar
skekjast til,
hljóða þreytulega
undan fargi áranna
– fólksins,
sem vindbarið
er sífellt
á undanhaldi.

HVAÐ ER VÍST ?

Ef þú svíkur
mig,
hvað
er ég þá ?

Píslarvottur
gremju og reiði,
eða bara
sár og einmana
af því ég trúði
of heitt
á tálmynd ?

EFTIRSJÁ

Ljóðaglamur
dáralegt
þykir mér
á tímum
veikra undirstaða.

Sálarmulningur
sem ryk
í augum
ljótleikans.

Ást er mér horfin
á vit bældra
lifnaðarhátta.

FISKUR

Í rökkurhafi
er ofursmár fiskur
einn á ferð.

Hann er dapur
og áttavilltur,
svo þreyttur
í leit að áfangastað
sem alltaf reynist
þó rangur.

Stundum
kemur kalt glott
á dauflega ásjónu
fisksins.

Kannski
stendur honum á sama.

FRAMRÁS

Torveld lífsins auðna,
tómt mál að tala um
að hafa betur.
Óöryggi skipulags
manna á meðal.
Laumuleg græðgi
– heift.

Illar tala tungur.

Á tæpasta vað
renna mannheimar.

GLJÁANDI HEIMAR

Ég er að horfa á.

Fallega einskisverða hluti
sem ginna mig á yfirborðið
í heim Ferhyrninganna.

Ég er að reyna að sjá.

Verurnar á yfirborðinu
– í gegnum þær.
Ferhyrningar eru auðveldir,
þeir eru svo sléttir og felldir
og ég get hætt að hugsa.

Hér í djúpunum
erum við meira fyrir þjáninguna.

VÆNGJASLÁTTUR

Ég er dúfan hvíta
með lítið rauðt hjarta.
Óttaslegið
það berst
í dúnmjúku fiðurbrjósti,
vængirnir svo smáir
kraftlausir.
Ég bið þess að verða stór
og flögra því hér
enn um stund
– ég bið.

Stundum finnst mér
að það sé hjartað
sem vill ekki fljúga
fremur en vængir mínr.
Ég held
að ef ég reyndi,
flygi ég afturábak
með vænghaf fortíðarinnar
á móti mér.



LEIKUR MED ÁST

Ástin gæti verið eins og lítið lóuhjarta
sem sveimar á milli skýjanna
í leit að alsælu tregablandinna vona.

Ástin gæti líka verið eins og pappírsmiði
sem ærslast í reiðuleysi hverfulleikans
gamall og laskaður eftir stormhviður vindanna
þar til einhver stígur óvart ofan á hann
í Austurstrætinu á annasönum föstudegi.

Þó er líklegra
að ástin sé brotið sem vantaði í myndina
af spegli sálarinnar
– ástríðufull gjafmildi vonar og ótta
sem eiga sér hreiður í höfði mínu
og unga úr tilfinningum
með reglulegu millibili.

TÓMUR HRINGUR

Þú sem ættir að skilja
lokar augum – eyrum
og læst vera dauður
af því ég gaf þér færi
á frelsi hugans
víðáttu tilfinninga
ást.

Ást
sem þú flúðir
inn í andvana tilveru
raðsettra atburða.

En
ég
kem ekki aftur.

NÆGTIR

Sortnar fyrir augum
af þreytu
yfir brothættri gleði.

Brosi
á bak niðurbældra orða
– ósagðra.

Hvers er krafist
í heimi
annars en að brotna ekki
of auðveldlega
heldur gráta ísmolum
framan við hlæjandi tjöldin ?

SILFURFUGL

Fugl ástarinnar
settist hjá þeim
og breiddi silfurvængi
yfir þau.
Gaf þeim gjafir:
Tungl morgunsins,
sindrandi hvítbirtu sólar,
mjúkan aftanroða,
gagnsætt húmið
og djúpblaán stjörnuhimin
til að deila hvort með öðru.
Hann hvíslaði í eyru þeirra
að þau gætu allt,
færðu þau mjúkum höndum
um gjafir hans.
Hóf sig til flugs
á silfurvængjum sínum
og skildi þau eftir
með órætt líf
í fjötrum frelsis.

MYND

Þungar hugsanir
lögðu blómsveig haturs
um höfuð hennar.

Var ekki óbærileikinn
svo léttur
allt til enda víðáttunnar
og fram af hengiflugi
sannleikans ?

RAUNIR

Þú efast

finnst sárt
að sjá ei sannleik
í sigri né
sigur í visku

gengur á skjön
við aflið
sem knýr þig áfram
og stöðvast

fortíð – framtíð
lifa vilt í óráði daga
án jarðartengsla

þú efast.

MÁLVERK BLENDINS SAKLEYSIS

Hún stendur þögul
full spurnar
starir í rauðan vafurloga
sem umlykur hvíta birtu.
Blár næturhiminn
yfir grárri veröld
hvílir augun
frá ólgandi pensilstrokum
sem krefjast hennar
í skefjalausan leik
á ferhyrndum striga.



RADDIR Í VATNINU

Ég heyri raddir
í vatninu.
Lágværar og blíðar
hvísla þær
í niðandi strauminn.
Segja mér sögur af árbúa
sem spilar á flautu
í grænbláu húmi.
Pá syngja raddirnar
með titrandi blæ
óðinn til hafssins.

Ég græt björtum tárum
til sjávar.

VIÐ NORÐURÁ

Yfir ánni er regnbogabrot,
feimnislega óskýrt á himninum
og straumurinn syngur við grasstráin.
Lóa syngur óð frá litlu hjarta á heiðinni
og gaukurinn leikur sér í ungri birkihríslu,
Baulan gægist yfir fellið eins og þríhyrndur hattur
og dauf hófför í grasinu.
Ómar í eyra og auga fugurð síðkvölds
í geislum hnígandi sólar.

MAÐUR ÚR BORGINNI

Fjöllin stara tómlát
í gegnum þig,
lækir tifa hljóðlaust
inn í hjarta þitt,
grasið hættir að gróa
undir fótum þér

og þú gengur á braut.

Þá byrja tindarnir
að flissa,
siturnar vaxa
í fossgljúfrum,
blómskrúðið flæðir
stjórnlauast yfir allt

og þú ert farinn
veg allrar veraldar.

MÁLARI STRÆTANNA

Hann er fölur
og tuskulegur
með gegjun
í heila auganu
og eigið málæði
í báðum eyrum.

Drottner í anda
yfir fánýtum lýðnum
segir til
um lifendur og dauða.


Stríðir við að skapa
ódauðleg meistaraverk.

Málaði þúsund myndir
sem týndust
á milli penslanna.

KVÖLDDAGSKRÁ TIL MORGUNS

Er þá rétt að hugsa yfirleitt
um skráargöt hugans ?
Lykill horfinn
og vitavonlaust
að sjá inn með aðeins öðru auganu.

Góðan dag !
Tíminn er ómælanlegur,
við hefjum dagskrána
með nýjum lykli:
Opnið
og gjörið svo vel að ganga innfyrir.



UM AFTAN

Svo milt og angurvært
er kveldið.
Umlykur húsin smáu
í syfjulegri borg.
Þanglyktin sæta
kitlar litla
rómantísku fugla
sem raula á þakskeggjum.
Húmið leggst yfir
sem dúnmjúkur klútur,
opnar fyrir draumunum
borgarhliðin,
svo þeir megi
smjúga í sálirnar
og vagga þeim
inn í niðdimma nótt.

MÁNUDAGSMORGUNN

Regnið fellur lóðrétt
á svartar gangstéttir
og ilmur gróðursins
lokast inni
í þungum dropunum,
hrapandi á regnhlífar
borgarinnar.
Vitundin mykist
í gráleitum morgninum
gáruðum vorpollum

rauði gossjálfsalinn
brosir kátur til mín
utan frá götunni.

EINVÍGI

Á hringvelli dauðans
standa tveir menn
og horfast í augu.
Vopnaðir hetjuskap
skelfingar og ótta,
dragast þeir hvor að öðrum
sem bræður
í dvíndi hatri.
Skjóta hvor annan
og hníga til foldar,
fallast í faðma
og gráta brostnum augum
í hinum eilífu
veiðilendum stoltsins.

I

Ég hef stritað
með líkama mínum
sál minni.
Hlaðið þennan mórvegg
stein fyrir Stein.
Vegg sársaukans.

Ég hef grátið
kastað mér á jörðina
beðið um miskunn.
En blóðrisa hendur mínar
halda áfram verkinu
– endalausu.

Mig þrýtur brátt krafta.

II

Svo komst þú óvænt
utan úr blámanum
og blést niður vegginn
svo auðveldlega.

Ég hafði haldið
að þjánningin
festi saman skörðóttu steinana
og þyldi vind veðranna
en svo var ekki.

Ég byrja á nýjan leik
biturleiki styrkir von mína.
Hann skal rísa
ég falla.

Veggur í einskismannslandi.

BRÉF

Gömul bréf
gefa mér líf
taka minningar
horfinna tíma
og kasta þeim
á vegg augans
uns ég sekk
til botns
í vinaminni.

Í DJÚPINU

Í bogadregnum sal
eru skáldskaparmál
rædd í myndum
án orðaleikja hvunndagsins

stólar hlusta hljóðlátir
á söng raddanna
í flöktandi ljósi
litríkra hugsana.



BROTLENDING

Þokukennnd vitund míن
tekur gamalt, svart reiðhjól
og hjólar út í skóg.
Þar lendi ég í ævintýrum
hins tryllta hugarheims
og þyrla upp marglitum laufblöðum
utan um líf mitt.
Ég reyni að safna þeim saman
í hrúgu á einn stað
en þau fjúka alltaf burt
með tvílráðum vindinum
milli fingra minna.

TÍMINN

Dægrin hverfa að baki
með fulla skjóðu fortíðar.
Lendur bíða í óþreyju
nýrra spora í sögu.
Tíð hver sækir fram
um vegi hlykkjótta.
Á krossgötum flökta
menn í hrafnslíki
og þreyta hugarflug
til nútíðar.

EINING Í LOGA

Tvö hvít kerti
brenna hvort í öðru.
Syrgja öll hin
sem fallin eru frá
og þjónuðu
misjafnlega göfugum
hlutverkum.

En þessi tvö
ætla að deyja saman
og halda kveik í kveik
til Kertaríkis.

SAGA AF HUNDSPOTTI (eða Óvænt endalok)

Hundurinn með einglyrnið
lá fram á lappir sínar
steindauð pípa í arni
köflótt yfirbreiðsla
alveg upp að daufum eyrum
úti ýrði glerdropum
svört regnhlíf á snaga
rökkur á göngum

sem sagt
róleg spjátrungsveröld
gott að hreiðra um sig
á miðju gólfí ævintýrsins
við hlýjan plasteld.

AÐ ENDINGU

Meira –
skrifa hraðar
gera betur.
Punktur aftan við
endalokin.

Þurrausnar skálar.
Þó áfram alltaf
stritar penninn.

Grætur bláum tárum
í orðlaus ljóð.



Einleikur á regnboga er fyrsta ljóðabók
Steinunnar Ásmundsdóttur
en hún er tuttugu og þriggja ára gömul
og hefur meðal annars fengist við
blaðamenndsku og ritstörf.

Bók þessi er sprottin upp úr reynslu Steinunnar
af dekkri hliðum lífsins.
Í ljóðunum er að finna lífsháska
og þroskaðan hug.

Í Einleik á regnboga eru ljóð
sem höfundur hefur ort
á myrkum tímum sem björtum,
ljóð búin til úr tilfinningum og hugarmyndum.
Umhverfi og aðstæður eru myrkur og ljós.
Bókin lýsir í heild ákveðnu þroskaferli
sem vísar til bjartari tíma.

Ljósmyndir í bókinni eru unnar af
Ingu Lísu Middleton.